# Flóahreppur

# Ársreikningur 2006

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

Kt. 600606-1310

# Efnisyfirlit


Áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Yfirlit um sjóðstreymi ........ 8

Skýringar ........ 9

# Áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Flóahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Á árinu 2006 sameinuðust sveitarfélögin Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur og Hraungerðishreppur. Sameiningin var samþykkt í öllum sveitarfélögum í íbúakosningu hinn 11. febrúar 2006. Sveitarstjórn var kjörin fyrir hið nýja sameinaða sveitarfélag í sveitarstjórnarkosningum 27. maí 2006. Nafn nýja sveitarfélagsins er Flóahreppur.

Ársreikningurinn samanstendur af rekstri sveitarfélaganna þriggja fyrri hluta ársins og rekstri sameinaðs sveitarfélags seinni hluta ársins. Samanburðarfjárhæðir við árið 2005 í efnahagsreikningi eru samlagðar fjárhæðir allra sveitarfélaganna.

Rekstrarartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 255,4 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 251,8 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 12,70% - 13,03% en lögbundið hámark er 13,03%. Álagningahlutfall fasteignaskatts nam 0,50% - 0,55% í A-flokki, 0,44% í B-flokki og 1,35% í C-flokki en lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 0,44% í B-flokki og 1,65% í C-flokki. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 6,8 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 13,5 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2006 nam 230,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 236,7 millj. kr.

Sveitarstjórn Flóahrepps og sveitarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Þingborg, 13. júní 2007.

Sveitarstjórn:

Sveitarstjóri:

SVEITARSTJÓRI FLÓAHREPPS

# Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til sveitarstjórnar Flóahrepps.

**Inngangur**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Selfossi, 6. júní 2007.

*KPMG hf.*

Einar Sveinbjörnsson

Auðunn Guðjónsson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Flóahrepps, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2006. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Þingborg, 6. júní 2007.

Margrét Sigurðardóttir

Stanislaw Hermannsson

# Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Skýr. | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur | 14 | 113.973.181 | 113.803.024 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 14 | 111.747.179 | 111.747.179 |
| Aðrar tekjur | 14 | 26.078.164 | 29.881.400 |
| | | 251.798.524 | 255.431.603 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 15 | 96.839.114 | 96.839.114 |
| Annar rekstrarkostnaður | 16 | 136.805.440 | 138.277.772 |
| Afskriftir | 19,20 | 6.409.779 | 8.319.179 |
| | | 240.054.333 | 243.436.065 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 11.744.191 | 11.995.538 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 17 | 1.734.263 | ( 5.223.738 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** | 29 | 13.478.454 | 6.771.800 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | A hluti 2006 | A hluti 2005 | A og B hluti 2006 | A og B hluti 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | 19,20 | 172.624.515 | 163.100.739 | 247.094.175 | 216.194.201 |
| Byggingarland, veitu- og gatnakerfi | 19,20 | 672.000 | 984.287 | 12.076.333 | 9.653.613 |
| | | 173.296.515 | 164.085.026 | 259.170.508 | 225.847.814 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 7,26 | 7.255.108 | 6.974.849 | 7.255.108 | 6.974.849 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 8,27 | 20.997.613 | 20.851.458 | 0 | 0 |
| | | 28.252.721 | 27.826.307 | 7.255.108 | 6.974.849 |
| Fastafjármunir | | 201.549.236 | 191.911.333 | 266.425.616 | 232.822.663 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur | 9,28 | 16.963.976 | 16.190.587 | 16.963.976 | 16.190.587 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 9.186.918 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9,28 | 17.617.540 | 7.907.699 | 17.643.535 | 8.241.086 |
| Næsta árs afb. langtímak. á eigin fyrirtæki | 27 | 1.303.143 | 1.165.894 | 0 | 0 |
| Handbært fé | 10 | 69.748.551 | 66.916.459 | 69.748.551 | 68.627.514 |
| Veltufjármunir | | 114.820.128 | 92.180.639 | 104.356.062 | 93.059.187 |
| **Eignir samtals** | | 316.369.364 | 284.091.972 | 370.781.678 | 325.881.850 |

**Eignir utan efnahagsreiknings** ........ 11

# 31. desember 2006

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | A hluti 2006 | A hluti 2005 | A og B hluti 2006 | A og B hluti 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 29 | 236.687.665 | 223.209.211 | 230.222.517 | 223.450.717 |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 30,31 | 33.787.314 | 34.979.309 | 93.097.154 | 74.111.609 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 31 | 3.901.848 | 3.685.545 | 5.227.846 | 4.732.483 |
| Viðskiptaskuldir | | 19.135.690 | 10.272.098 | 19.135.690 | 11.369.790 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 22.856.847 | 11.945.809 | 23.098.471 | 12.217.251 |
| | | 45.894.385 | 25.903.452 | 47.462.007 | 28.319.524 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 79.681.699 | 60.882.761 | 140.559.161 | 102.431.133 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 316.369.364 | 284.091.972 | 370.781.678 | 325.881.850 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2006

| | Skýr. | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | 29 | 13.478.454 | 6.771.800 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 19,20 | 6.409.779 | 8.319.179 |
| Verðbætur | | 1.081.749 | 5.362.073 |
| Eignarhlutur í félögum, breyting | | ( 280.259 ) | ( 280.259 ) |
| Veltufé frá rekstri | | 20.689.723 | 20.172.793 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur, (hækkun ) | | ( 773.389 ) | ( 773.389 ) |
| Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 9.709.841 ) | ( 9.402.449 ) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 19.774.630 | 18.647.120 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 9.291.400 | 8.471.282 |
| Handbært fé frá rekstri | | 29.981.123 | 28.644.075 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 21,22 | ( 15.621.268 ) | ( 41.641.873 ) |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting | | 1.246.930 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 14.374.338 ) | ( 41.641.873 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | | ( 9.186.918 ) | 0 |
| Tekin ný langtímalán | 30 | 0 | 18.644.367 |
| Afborganir langtímalána | 30 | ( 3.587.775 ) | ( 4.525.532 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 12.774.693 ) | 14.118.835 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 2.832.092 | 1.121.037 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 66.916.459 | 68.627.514 |
| **Handbært fé í árslok** | | 69.748.551 | 69.748.551 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

*Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningur Flóahrepps árið 2006 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita og Leiguíbúðir.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

***Innlausn tekna***

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

***Færsla gjalda***

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

***Verðlags- og gengisviðmið***

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

***Varanlegir rekstrarfjármunir***

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

*Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Byggingar | 40 ár |
| Veitukerfi | 25 ár |
| Gatnakerfi og byggingarland | 25 ár |

*Eignarhlutir í félögum*

7. Í ársreikningi A hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

*Langtímakröfur*

8. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

   Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

*Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur*

9. Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

*Handbært fé*

10. Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

*Eignir utan efnahagsreiknings*

11. Lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi utan þess sem keypt hefur verið frá árinu 2002. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir árið 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

*Langtímaskuldir*

12. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

*Fjárhagsáætlun*

13. Fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags var ekki gerð fyrir árið 2006.

## Rekstrartekjur

14. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti Ársreikningur 2006 | A og B hluti Ársreikningur 2006 |
|---|---|---|
| *Útsvar og fasteignaskattur:* | | |
| Útsvar | 96.908.064 | 96.908.064 |
| Fasteignaskattur | 16.987.257 | 16.817.100 |
| Lóðarleiga | 77.860 | 77.860 |
| | 113.973.181 | 113.803.024 |
| *Framlög Jöfnunarsjóðs:* | | |
| Framlag vegna tekjujöfnunar | 5.982.444 | 5.982.444 |
| Framlag vegna fasteignaskatts | 9.040.250 | 9.040.250 |
| Framlag vegna útgjaldajöfnunar | 40.149.678 | 40.149.678 |
| Framlög vegna grunnskóla | 31.865.782 | 31.865.782 |
| Framlög vegna sameiningar | 24.709.025 | 24.709.025 |
| | 111.747.179 | 111.747.179 |
| Skatttekjur samtals | 225.720.360 | 225.550.203 |
| *Aðrar tekjur:* | | |
| Þjónustutekjur | 9.600.805 | 12.478.857 |
| Eignatekjur | 2.500.000 | 3.306.334 |
| Endurgreiðslur | 4.845.439 | 4.845.439 |
| Aðrar tekjur | 9.131.920 | 9.250.770 |
| | 26.078.164 | 29.881.400 |
| Rekstrartekjur samtals | 251.798.524 | 255.431.603 |

## Laun og launatengd gjöld

15. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 76.276.849 | 76.276.849 |
| Launatengd gjöld | 16.058.896 | 16.058.896 |
| Breyting á áföllnu orlofi | 4.503.369 | 4.503.369 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 96.839.114 | 96.839.114 |

## Annar rekstrarkostnaður

16. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vöru- og þjónustukaup | 84.653.046 | 86.060.628 |
| Skattar og önnur opinber gjöld | 250.647 | 315.397 |
| Styrkir, framlög og annar kostnaður | 51.901.747 | 51.901.747 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 136.805.440 | 138.277.772 |

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

17. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | A hluti Ársreikningur 2006 | A og B hluti Ársreikningur 2006 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 4.624.031 | 4.633.891 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 5.631.150 ) | ( 9.857.629 ) |
| Vextir frá eigin fyrirtækjum | 2.741.382 | 0 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | 1.734.263 | ( 5.223.738 ) |

## Heildaryfirlit um rekstur

18. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Ársreikningur 2006 | | |
|---|---|---|---|
| | *Gjöld* | *Tekjur* | *Mismunur* |
| *Aðalsjóður:* | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur | | 114.558.926 | 114.558.926 |
| Framlög úr Jöfnunarsjóði | | 111.747.179 | 111.747.179 |
| Félagsþjónusta | 6.813.226 | 412.337 | ( 6.400.889 ) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 150.717.752 | 13.934.851 | ( 136.782.901 ) |
| Menningarmál | 28.554.526 | 3.429.959 | ( 25.124.567 ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 3.262.287 | | ( 3.262.287 ) |
| Brunamál og almannavarnir | 3.506.761 | | ( 3.506.761 ) |
| Hreinlætismál | 6.624.358 | 2.098.500 | ( 4.525.858 ) |
| Skipulags- og byggingarmál | 9.171.062 | 4.778.118 | ( 4.392.944 ) |
| Umferðar- og samgöngumál | 360.330 | | ( 360.330 ) |
| Umhverfismál | 457.998 | | ( 457.998 ) |
| Atvinnumál | 4.838.534 | | ( 4.838.534 ) |
| Sameiginlegur kostnaður | 34.998.760 | 55.999 | ( 34.942.761 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 0 | 20.830.345 | 20.830.345 |
| Aðalsjóður samtals | 249.305.594 | 271.846.214 | 22.540.620 |
| *A hluta stofnanir:* | | | |
| Eignasjóður | 34.848.185 | 25.786.019 | ( 9.062.166 ) |
| Innri færslur A hluta | ( 25.003.364 ) | ( 25.003.364 ) | 0 |
| **A hluti samtals** | **259.150.415** | **272.628.869** | **13.478.454** |
| *B hluta fyrirtæki:* | | | |
| Leiguíbúðir | 9.766.423 | 4.149.360 | ( 5.617.063 ) |
| Vatnsveita | 4.086.493 | 2.996.902 | ( 1.089.591 ) |
| Innri færslur A og B hluta | ( 3.513.183 ) | ( 3.513.183 ) | 0 |
| **A og B hluti samtals** | **269.490.148** | **276.261.948** | **6.771.800** |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

*A hluti*

19. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Byggingarland og gatnakerfi | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2006 | 444.518.284 | 1.077.599 | 445.595.883 |
| Afskrifað áður | ( 281.417.545 ) | ( 93.312 ) | ( 281.510.857 ) |
| Bókfært verð 1.1.2006 | 163.100.739 | 984.287 | 164.085.026 |
| Viðbót á árinu | 15.890.451 | ( 269.183 ) | 15.621.268 |
| Afskrifað á árinu | ( 6.366.675 ) | ( 43.104 ) | ( 6.409.779 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2006 | 172.624.515 | 672.000 | 173.296.515 |
| Heildarverð 31.12.2006 | 460.408.735 | 808.416 | 461.217.151 |
| Afskrifað samtals | ( 287.784.220 ) | ( 136.416 ) | ( 287.920.636 ) |
| Bókfært verð 31.12.2006 | 172.624.515 | 672.000 | 173.296.515 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5% | 4% | |

*A og B hluti*

20. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Land, veitu- og gatnakerfi | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2006 | 518.927.296 | 77.142.618 | 596.069.914 |
| Afskrifað áður | ( 302.733.095 ) | ( 67.489.005 ) | ( 370.222.100 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2006 | 216.194.201 | 9.653.613 | 225.847.814 |
| Viðbót á árinu | 39.126.876 | 2.514.997 | 41.641.873 |
| Afskrifað á árinu | ( 8.226.902 ) | ( 92.277 ) | ( 8.319.179 ) |
| Bókfært verð 31.12.2006 | 247.094.175 | 12.076.333 | 259.170.508 |
| Heildarverð 31.12.2006 | 558.054.172 | 79.657.615 | 637.711.787 |
| Afskrifað samtals | ( 310.959.997 ) | ( 67.581.282 ) | ( 378.541.279 ) |
| Bókfært verð 31.12 2006 | 247.094.175 | 12.076.333 | 259.170.508 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5% | 4% | |

21. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

| | Fjárfesting 2006 |
|---|---|
| ***A hluti*** | |
| *Fasteignir:* | |
| Flóaskóli | 631.586 |
| Félagsheimilið Þingborg | 15.258.865 |
| Fasteignir samtals | 15.890.451 |
| *Gatnakerfi:* | |
| Álögð gatnagerðargjöld | ( 7.130.778 ) |
| Fyrirfram álögð gatnagerðargjöld, skuldfærð | 6.861.595 |
| Fært til lækkunar á bókf. verði gatnaframkvæmda | ( 269.183 ) |
| A hluti samtals | 15.621.268 |
| ***B hluti*** | |
| *Vatnsveita:* | |
| Stofnkostnaður | 2.784.180 |
| | 2.784.180 |
| *Leiguíbúðir* | |
| Brandshús 5 | 23.236.425 |
| | 23.236.425 |
| B hluti samtals | 26.020.605 |
| Samtals A og B hluti | 41.641.873 |

22. Fjárfesting A hluti, málaflokkayfirlit:

| | |
|---|---|
| Fræðslu- og uppeldismál | 631.586 |
| Menningarmál | 15.258.865 |
| Umferðar og samgöngumál | ( 269.183 ) |
| | 15.621.268 |

***Fasteignamat og vátryggingaverð***

23. Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

| | Brunabótamat í þús. kr. | Fasteignamat í þús. kr. | Bókfært verð 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 223.620 | 77.130 | 74.876.274 |
| Félagsheimili | 342.375 | 110.012 | 97.748.241 |
| Íbúðarhúsnæði | 115.560 | 45.930 | 74.469.660 |
| Vatnsveitukerfi | | | 11.404.333 |
| Byggingarland | | | 672.000 |
| Samtals | | | 259.170.508 |

***Viðlagatrygging***

24. Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti vatnsveitu nemur 338 millj. kr. í árslok 2006.

*Tryggingaverð lausafjármuna*

25. Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

| | A hluti í þús. kr. | A og B hluti í þús. kr. |
|---|---|---|
| Þingborg | 8.764 | 8.764 |
| Félagslundur | 7.042 | 7.042 |
| Flóaskóli | 7.027 | 7.027 |
| | 22.833 | 22.833 |

## Eignarhlutir í félögum

26. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | A hluti Bókfært verð | A og B hluti Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Atvinnuþróunarfélag Suðurlands | 1,97% | 3.596.735 | 3.596.735 |
| Hitaveitufélag Hraungerðishrepps | 24,85% | 1.649.315 | 1.649.315 |
| Flóaáveitan | | 6.860 | 6.860 |
| Fóðurbirgðasjóður | | 28.709 | 28.709 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf | 4,15% | 365.990 | 365.990 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf | 0,71% | 1.463.959 | 1.463.959 |
| Sláturfélag Suðurlands svf. | | 113.540 | 113.540 |
| Jarðefnaiðnaður ehf. | | 30.000 | 30.000 |
| | | 7.255.108 | 7.255.108 |

## Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

27. Verðbréf A hluta á B hluta greinist þannig:

| | A hluti |
|---|---|
| Staða langtímakrafna í ársbyrjun | 22.017.352 |
| Afborganir langtímakrafna á árinu | ( 1.246.930 ) |
| Verðbætur | 1.530.334 |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 22.300.756 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.303.143 ) |
| | 20.997.613 |

Afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2007 | 1.303.143 |
| Árið 2008 | 1.361.679 |
| Árið 2009 | 1.422.955 |
| Árið 2010 | 1.486.988 |
| Árið 2011 | 1.553.902 |
| Síðar | 15.172.089 |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 22.300.756 |

## Skammtímakröfur

28. Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 6.382.415 | 6.382.415 |
| Fært á móti niðurfærslu á árinu | ( 82.065 ) | ( 82.065 ) |
| Lækkun niðurfærslu skatttekna | ( 1.582.415 ) | ( 1.582.415 ) |
| Gjaldfærð niðurfærsla annarra krafna | 1.582.065 | 1.582.065 |
| Niðurfærsla í árslok | 6.300.000 | 6.300.000 |

Lækkun á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna er færð til hækkunar á skatttekjum í rekstrarreikningi.

## Eigið fé

29. Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé Villingaholtshrepps 31.12. 2005 | 46.127.154 | 46.127.154 |
| Eigið fé Gaulverjabæjarhrepps 31.12. 2005 | 94.972.097 | 94.972.097 |
| Eigið fé Hraungerðishrepps 31.12. 2005 | 85.217.806 | 83.637.082 |
| Millifærslur og aðrar breytingar | ( 3.107.846 ) | ( 1.285.616 ) |
| Eigið fé 01.01. 2006 | 223.209.211 | 223.450.717 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 13.478.454 | 6.771.800 |
| Eigið fé 31.12. 2006 | 236.687.665 | 230.222.517 |

## Langtímaskuldir

30. Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

| *A hluti* | Verðtryggð lán | Samtals |
|---|---|---|
| Staða lána í ársbyrjun | 38.664.854 | 38.664.854 |
| Afborganir af lánum | ( 3.587.775 ) | ( 3.587.775 ) |
| Verðbætur | 2.612.083 | 2.612.083 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 37.689.162 | 37.689.162 |
| Næsta árs afborganir | ( 3.901.848 ) | ( 3.901.848 ) |
| | 33.787.314 | 33.787.314 |

| *A og B hluti* | Verðtryggð lán | Samtals |
|---|---|---|
| Staða lána í ársbyrjun | 78.844.092 | 78.844.092 |
| Ný lán | 18.644.367 | 18.644.367 |
| Afborganir af lánum | ( 4.525.532 ) | ( 4.525.532 ) |
| Verðbætur | 5.362.073 | 5.362.073 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 98.325.000 | 98.325.000 |
| Næsta árs afborganir | ( 5.227.846 ) | ( 5.227.846 ) |
| | 93.097.154 | 93.097.154 |

31. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2007 | 3.901.848 | 5.227.846 |
| Árið 2008 | 3.479.294 | 4.822.647 |
| Árið 2009 | 3.479.295 | 4.840.633 |
| Árið 2010 | 3.479.295 | 4.859.267 |
| Árið 2011 | 3.211.610 | 4.610.884 |
| Síðar | 20.137.820 | 73.963.723 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 37.689.162 | 98.325.000 |

## Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

32. Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| A-hluti | 100% | 316.369.364 | 79.681.699 | 236.687.665 |
| Leiguíbúðir | 100% | 74.469.660 | 80.086.723 | ( 5.617.063 ) |
| Vatnsveita | 100% | 11.430.328 | 12.278.413 | ( 848.085 ) |
| Millifærslur, innbyrðis staða | | ( 31.487.674 ) | ( 31.487.674 ) | 0 |
| Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2006 | | 370.781.678 | 140.559.161 | 230.222.517 |

## Lykiltölur

33. Yfirlit um lykiltölur:

| *Í hlutfalli við rekstrartekjur:* | A hluti 2006 | A og B hluti 2006 |
|---|---|---|
| Útsvar | 38,5 % | 37,9 % |
| Fasteignaskattur | 6,7 % | 6,6 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 44,4 % | 43,7 % |
| Lóðarleiga | 0,0 % | 0,0 % |
| Skatttekjur samtals | 89,6 % | 88,2 % |
| Aðrar tekjur | 10,4 % | 11,8 % |
| Rekstrartekjur samtals | 100,0 % | 100,0 % |
| Laun og launatengd gjöld | 38,5 % | 37,9 % |
| Annar rekstrarkostnaður | 54,3 % | 54,1 % |
| Afskriftir | 2,5 % | 3,3 % |
| Rekstrargjöld samtals | 95,3 % | 95,3 % |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 0,7% ) | 2,0 % |
| | 94,6 % | 97,3 % |
| Rekstrarniðurstaða | 5,4 % | 2,7 % |
| Veltufé frá rekstri | 8,2 % | 7,9 % |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 5,7% ) | ( 16,3% ) |

***Í krónum á íbúa:***

| *Rekstur:* | A hluti 2006 | A og B hluti 2006 |
|---|---|---|
| Skatttekjur | 409.656 | 409.347 |
| Aðrar tekjur | 47.329 | 54.231 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 175.752 ) | ( 175.752 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 248.286 ) | ( 250.958 ) |
| Afskriftir | ( 11.633 ) | ( 15.098 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 3.147 | ( 9.480 ) |
| Rekstrarniðurstaða | 24.462 | 12.290 |
| ***Sjóðstreymi:*** | | |
| Veltufé frá rekstri | 37.549 | 36.611 |
| Handbært fé frá rekstri | 54.412 | 51.986 |

| *Efnahagur:* | A hluti 2006 | A hluti 2005 | A og B hluti 2006 | A og B hluti 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Eignir | 574.173 | 540.099 | 672.925 | 619.547 |
| Eigið fé | 429.560 | 424.352 | 417.827 | 424.811 |
| Skuldir og skuldbindingar | 144.613 | 110.495 | 255.098 | 194.736 |

***Aðrar lykiltölur:***

| | A hluti 2006 | A hluti 2005 | A og B hluti 2006 | A og B hluti 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri, mælt í árum | 1,82 | | 4,87 | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 2,50 | 3,56 | 2,20 | 3,29 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 0,75 | 0,79 | 0,62 | 0,69 |

***Íbúafjöldi,** (heimild: Hagstofa Íslands):*

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. desember | 551 | 526 | 517 | 512 |
| Breyting frá fyrra ári | 4,8% | 1,7% | 1,0% | ( 0,2% ) |